

Nd.

501. Þingsályktun

um lán til að bæta úr afleiðingum harðæris.

(Samþykkt í Nd. 12. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að sjá um, ef hún sjer fært, að varið sje alt að 50 þúsund krónum af láni því, sem henni er heimilað að taka með lögum 1. ágúst 1914, til þess, eftir óskum einstakra hreppa eða sýslufjelaga, eða með öðru handbæru fje, að bæta með hagsfeldum lánveitingum úr tilfinnanlegasta tjóninu, sem hlutaðeigandi hreppar eða sýslufjelög hafa orðið fyrir á síðastliðnu vori.